

FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/67/40

frá 31. ágúst 2011

um viðurkenningu á Marokkó samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 6020)

(2011/520/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

skoðunar sérfræðinga á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu í desember 2006. Við þá skoðun komu í ljós tilteknir annmarkar á kerfum fyrir þjálfun og skirteinisútgáfu.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

3) Framkvæmdastjórnin lét aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna ⁽¹⁾, einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 19. gr.,

4) Framkvæmdastjórnin fór fram á það bréflaga, 4. febrúar 2009 og 9. mars 2010, að Marokkó legði fram sönnunargögn sem sýndu að ráðin hefði verið bót á annmörkunum sem komu í ljós.

með hliðsjón af beiðni frá Kýpur 13. maí 2005

5) Yfírvöld í Marokkó létu í té umbeðnar upplýsingar bréflaga, 13. maí 2009, 29. maí 2009 og 4. janúar 2011, ásamt sönnunargögnum að því er varðar framkvæmd viðeigandi og fullnægjandi aðgerða til að ráða bót á flestum þeim annmörkunum sem komu í ljós við mat á reglufylgni.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að árita viðeigandi skirteini farmanna sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) frá 1978 um menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin) ⁽²⁾, eins og henni var breytt 1995.

6) Þeir ágallar sem eftir standa varða annars vegar skort á sérstökum lagaákvæðum um þjálfunarbúnað sem og menntun og hæfi og þjálfun kennara og matsmanna og hins vegar varða þeir skort á þjálfunarbúnaði hjá helstu mennta- og þjálfunarstofnun fyrir farmenn í Marokkó. Yfírvöld í Marokkó hafa því verið hvött til að grípa til frekari aðgerða til úrbóta hvað þetta varðar. Þessir ágallar gefa þó ekki tilefni til efasemda um að kerfin í Marokkó samrýmist almennt ákvæðum STCW-samþykktarinnar að því er varðar þjálfun og útgáfu skirteina farmanna.

2) Hinn 13. maí 2005 lagði Kýpur fram bréflaga beiðni um viðurkenningu á Marokkó. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar þessarar beiðni yfirvalda á Kýpur, metið kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna í Marokkó til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skirteini. Matið var byggt á niðurstöðum

7) Niðurstaða mats á reglufylgni yfirvalda í Marokkó og mats á upplýsingum frá þeim sýnir að Marokkó uppfyllir allar viðeigandi kröfur STCW-samþykktarinnar og hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skirteini. Landið skal því viðurkennt af hálfu Sambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 226, 1.9.2011, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 37.

(¹) Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

Gjört í Brussel 31. ágúst 2011.

1. gr.

Marokkó hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim Kallas

varaforseti.
